

Ed.

358. Nefndarálit

um frumvarp til fjárukalaga fyrir árin 1914 og 1915.

Fjárlaganefnd efri deildar hefir íhugað frumvarp þetta og vill gera við það þessar athugasemdir:

1. Nefndin felst að visu á, af alveg sjerstökkum ástæðum, að samþykkja fjárveitinguna í 3. gr., kr. 729,16, til að gegna embætti yfirdómara Jóns Jensonar, en vill jafnframt láta það álit sitt í ljósi, að þesskonar fjárveitingar megi alls ekki eiga sjer stað. Og þó fjárveiting sú, er hjer um ræðir, sje ekki eins dæmi, þá geti ekki komið til mála að slíkt megi skoðast sem nokkurt for-dæmi fyrir stjórnina til samskonar fjárveitinga síðar.
2. Tillag til heilsuhælisins á Vífilsstöðum leggur nefndin til að hækkað verði um 18 þúsund krónur. Liggja þær ástæður til þess, að samkvæmt áætlun um reksturskostnað hælisins til ársloka 1915, sem fylgir hjer með, er tekjuhalla-inn á því tímabili áætlaður kr. 21110,35. Þar sem óhjákvæmilegt virðist að landssjóður verði að greiða tekjuhalla þenna, ekki síst úr því í ráði er, að landið sjálft taki hælið til reksturs frá næstu áramótum, vill nefndin mæla með þessari 18 þúsund króna viðbót. En ástæðan til þess að nefndin ekki tekur allan hinn áætlaða tekjuhalla inn í fjárukalagafrumvarpið, er sú, að oss finst sjálfsagt að dagsmeðgjöf sjúklunga hækki strax frá 1. okt. n. k., þannig að meðgjöfin verði 2 kr. á dag á sambýlisstofunum og hækki hlutfallslega á einbýlisstofunum, og beinum því til landsstjórnarinnar, að hún greiði ekki þessar 18 þús. krónur, nema nefnd hækkun komi frá 1. október næst komandi.
3. Nefndin fann ekki ástæðu til að greiða þeim Kr. Sigurðssyni og Jens Eyjólfssyni neina uppbót vegna verðhækkunar, þar sem þeir engan lagalegan rjett geta átt til slíks samkvæmt samningunum.
4. Sú 250 kr. hækkun, sem orðið hefir á liðnum »Laun háskólakennara« hjá neðri deild, getur nefndin ekki fallist á að rjett sje að samþykkja. Finst oss lítil ástæða til að hækka laun hálaunaðra embættismanna fram yfir það, sem lög standa til.

Gjöld:

1. Reksturskostnaður hælísins	kr. 41225,00
2. Vextir og afborgun af skuldum.....	— 8786,00
3. Óviss útgjöld.....	— 489,00
	<u>kr. 50500,00</u>

Athugasemdir

A. Tekjuliðir:

1. Sjúklingatalan er áætluð 72 á dag (sbr. áætlun læknisins) og meðgjöf að jafnaði kr. 1,45 dag hvern. Er þá ekki gert ráð fyrir hækkun á meðlagi með sjúklingum, þó vissulega væri þess þörf.
2. Tillag úr landssjóði er hjer talið eins og veitt er í fjárlögunum fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil.
3. Það mun vera fullhátt, að áætla þennan lið 3000 kr., eins og nú er ástatt. Fyrstu 7 mánuði yfirstandandi árs hafa fjelaginu goldist sem eyðslufje:
 - a. frá deildum kr. 2716,00
 - b. gjafir — 832,00
 - c. fyrir ártiðaskrár — 1146,00 kr. 4694,00

Hjer er þó að athuga, að 1800 kr. af tillögum frá deildum (deildin í Reykjavík) var innheimt 1914, en kom eigi til fjehirðis yfirstjórnarinnar fyr en eftir að ársreikningurinn 1914 var saminn.

B. Gjaldliðir:

1. Hjer er áætlun læknisins lögð til grundvallar á þann hátt, að dreginn er frá $\frac{1}{6}$ (júlímánuður) áætlaðra gjalda, allra nema tölul. V. og VIII. með því að ekkert er greitt af þeim gjöldum í júlímánuði þ. á.
2. Upphæð sú, sem hjer er talin, kemur þannig fram:
 - a. $\frac{1}{3}$ árgjald (11. desbr.) af skuldinni til Bikuben kr. 3750,00
 - b. 3 mánaða vextir (8. nóv. '15—8. jan. '16) af skuldum við Landsbankann og Íslandsbanka, alls kr. 50500,00 .. — 833,00
Er þá miðað við vexti þá, sem nú eru.
 - c. Skuldir þær, sem ræðir um í skuldaskrá hælísins, tölul.
6—7 — 4203,00
kr. 8786,00

Af landssjóðsskuldinni er ekki gert ráð fyrir svo mikið sem vaxta-greiðslu. Og af skuldinni til Rögnvalds Ólafssonar er ekki gert ráð fyrir annari greiðslu en þeirri, sem jafnast með dvalarkostnaði Rögnvalds á hælínu.

3. Óviss útgjöld (t. d. er ógreiddur prentunarkostnaður við nýjar birgðir af ártiðaskrá, ca. 370 kr.) verður óhjákvæmilegt að greiða af fje því, sem ræðir um undir tekjulið 3.

Tekjuhallinn, sem hér er áætlaður kr. 21110,35, er óhjákvæmilegt að landssjóður greiði, og mun þurfa til þess nýja fjárveitingu. Að tekjuhallinn er áætlaður svona stór, stafar bæði af hinu afar-háa verði, sem nú er á eldsneyti og matvöru allri, svo og af því, að gert er ráð fyrir, að keyptar verði nú í sumar og haust birgðir til alls vetrarins, eins og venja hefir verið til að undanfögnu. Verða þá miklar birgðir við nýár næst, er landssjóði koma að góðum notum, ef hann tekur að sjer rekstur hælisisins.

Reykjavík 5. ágúst 1915.

Sighvatur Bjarnason.